

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 1 af 1	MMLXS24 Kennsluáætlun (vorönn 2013)	

Kennari	Kristín Petra Guðmundsdóttir	Sk.st.	KPG
----------------	------------------------------	---------------	-----

Áfangalýsing: Í áfanganum er farið í notkun á helstu verkfærum á gullsmiðaverkstæði. Í upphafi er unnið út frá grunnhugmyndum úr bókum og blöðum. Smíði gripa eftir forskrift kennara þar sem farið er yfir helstu atriði sem nemendur þurfa að kunna skil á við smíði á skartgripum eða ýmsum skrautmunum, þ.e. hönnun, að skissa, efnisáætlun, mátasmíði, beygt, sníð, pressað, slegið, kveikt, soðið, pússað og oxiderað. Efni sem notað eru smíða málmar ýmiskonar t.d. silfur, messing og kopar. Öll öryggismál vinnusvæðisins eru kynnt vel fyrir nemendum.

Markmið og inntak náms:

Að nemendur

- Þjálfist í að beita verkfærum markvisst.
- Kynnist þeim smíðaaðferðum sem við eiga hverju sinni.
- Kynnist helstu efnum til smíða og algengustu verkfærum.
- Nemandi þarf að sýna sjálfstæð vinnubrögð og geti sýnt með teikningum hvernig hann ætlar að leysa verkefnið.

Námsgögn: Bækur, fagrit, ljósrit og ljósmyndir hjá kennara. Sýnishorn af áður unnum gripum.

Áætlun um yfirferð:

Vika 2 - 5. Verkstæðið kynnt og farið yfir vinnureglur og verkfæri. Fyrsta verkefnið, lyklakippa eða hálsmen.

Vika. 6 - 12. Mælingar með rennimáli, kennt að saga klippa, beygja, pússa og silfur kveikja og „innfatta“ stein.

Vika 13 – 18. Frjálst verkefni. Verkefnið teiknað og hannað af nemanda. Kennari samþykkir og veitir faglega aðstoð.

Verkefni: Lyklakippa eða hálsmen. Silfurhringur með íslenskum steini. Frjálst verkefni, skartgripir eða nytjamunir.

Námsmat og vægi námsþátta: 100% mat. Nemendur skila inn unnum gripum sem eru metnir. Stuðst við matskerfi starfsbrautar.

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils